

Séu fleiri en einn höfundur að sama verki, skiptist réttur til úthlutunar eftir samkomulagi þeirra. Séu meginhöfundar verks fleiri en þrír veitir verkið ekki rétt til úthlutunar miðað við fjölda útlána, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Ritstjórar, höfundar formála og kynningartexta falla utan úthlutunarreglna.

5. gr.

Skráning útlána bókasafna þar sem fram kemur nafn höfundar, titill bókar, fjöldi útlána ásamt stöðluðu bóknúmeri skal berast stjórn sjóðsins eigi síðar en 1. mars ár hvert. Í skráningarúrtaki skulu vera almenningsbókasöfn, Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, skólasöfn og önnur bóka- og gagnasöfn þar sem útlán eru tölvuskráð. Gögnum skal skilað á tölvutæku formi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/1997 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestir samkvæmt 2. og 5. gr. reglugerðar þessarar eiga ekki við um úthlutun ársins 1998.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um öryggisfræðslu sjómanna nr. 323/1988.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Samgönguráðherra skipar 10 manna öryggisfræðslunefnd sem hefur með höndum stjórn öryggisfræðslunnar. Skulu tveir skipaðir án tilnefningar og annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Hinir átta skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi smábátaeigenda og Vélstjórafélagi Íslands.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.